

VR
b.t. stjórnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík

4. desember 2023

Efni: Framkoma formanns VR

Með bréfi þessu vilja stjórnendur Gildis-lífeyrissjóðs koma á framfæri formlegri kvörtun vegna framgöngu og hegðunar formanns VR gagnvart stjórnendum og almennu starfsfólki lífeyrissjóðsins. Meirihluti starfsfólks sjóðsins greiðir sín stéttarfélagsgjöld til VR og tekur laun samkvæmt kjarasamningum þess. Í kjölfar mótmæla sem fóru að endingu fram inni á skrifstofu sjóðsins fimmtudaginn 30. nóvember sl. hefur starfsfólk sjóðsins komið að máli við okkur vegna málsins. Það hefur lýst því fyrir okkur að það hafi upplifað ógnandi hegðun af hálfu mótmælenda og að það hafi ekki upplifað sig örugg á sínum vinnustað.

Aðdragandi og framkvæmd mótmæla

Miðvikudaginn 28. nóvember sl. boðaði formaður VR til mótmæla við skrifstofur Gildis-lífeyrissjóðs og Landsamtaka lífeyrissjóða á Facebook síðu sinni og hvatti fólk til að deila áfram. Þessu fylgdu tvær viðbótarfærslur næstu daga þar sem fólk var hvatt til að mæta. Rétt er að geta þess að undir hans færslum um málið á Facebook hafa komið fram færslur frá öðrum aðilum þar sem hvatt hefur beinlínis verið til ofbeldis gagnvart starfsmönnum sjóðsins. Af framangreindu teljum við ljóst að formaður VR sé einn af skipuleggiendum mótmælanna og beri með því ábyrgð á þeim. Jafnframt beri hann þar með ábyrgð á að mótmælin fari fram með friðsamlegum hætti.

Rétt fyrir boðaðan tíma mótmælanna fór fólk að safnast saman fyrir utan starfsstöðvar lífeyrissjóðsins og Landsamtaka lífeyrissjóða og fyrst um sinn var ekkert sem benti til annars en að um friðsamleg mótmæli yrði að ræða. Fljótlega eftir að mótmælin hófust fyrir utan varð þó ljóst að ekki yrði um friðsamleg mótmæli að ræða þar sem mótmælendur fjölmenntu inn á starfsstöð lífeyrissjóðsins með hávaða og fyrirgangi. Þar var notast við gjallarhorn í litlu rými m.a. gagnvart starfsfólki í móttöku. Virtist sem formaður VR færi þar einna fremstur í flokki við að beina mótmælendum inn á starfsstöð lífeyrissjóðsins.

Auk þess sem aðgerðirnar trufluðu verulega starfsemi sjóðsins þá upplifðu starfsmenn í móttöku og þeir starfsmenn sem voru nálægt mótmælunum hegðun mótmælenda sem ógnandi og töldu sig ekki örugga á starfsstöð sinni. Þá hafa starfsmenn upplifað óöryggi tengt boðun frekari mótmæla sem formaður VR hefur boðað til á Facebook síðu sinni.

EKKO ferill Gildis – lífeyrissjóðs

Gildi-lífeyrissjóður hefur sett sér verkferil um meðhöndlun mála sem snúa að einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO). Framkoma mótmælenda hinn 30. nóvember sl. hefur virkjað EKKO feril Gildis, en meginilgangur ferilsins er m.a. að láta ekki ofbeldi eða áreitni viðgangast á vinnustað. Einn af helstu áhættuþáttum sem sjóðurinn hefur skilgreint er að starfsmönnum finnist sem þeim sé ógnað á vinnustaðnum, verði fyrir andlegu ofbeldi og að starfsmenn lokist inn í rými með ógnandi aðila. Því miður virðist sem allt þrennt hafi gerst í mótmælunum síðastliðinn fimmtudag.

Framkoma formanns VR með hliðsjón af áherslum stéttarfélagsins gegn ofbeldi og áreitni

Eins og áður hefur verið vikið að telja stjórnendur lífeyrissjóðsins að formaður VR beri ríka ábyrgð á hegðun mótmælenda sem skipuleggjandi mótmælanna. Einnig upplifa starfsmenn sjóðsins að formaður VR hafi verið einn af hvatamönnum þess að mótmælin fóru ekki fram með friðsamlegum hætti og að mótmælin hafi ekki átt sér stað fyrir utan starfsstöð lífeyrissjóðsins heldur hafi þau borist inn á skrifstofu sjóðsins.


Með hliðsjón af áherslum stéttarfélagsins sem lúta að því að berjast gegn ofbeldi og áreitni á vinnustað, sem birtast m.a. í grein eftir formann félagsins, dags. 17. nóvember sl., kemur hegðun formanns stéttarfélagsins starfsfólki sjóðsins verulega á óvart.

Í fyrrgreindri grein formanns félagsins má sjá að hann telur að enginn eigi að þurfa að upplifa það að einhver öskri á sig og geri lítið úr sér á vinnustað. Þetta gengur þvert gegn þeirri hegðun sem starfsfólk lífeyrissjóðsins telur sig hafa upplifað í mótmælunum hinn 30. nóvember. sl. þar sem hróp og köll voru gerð, þar á meðal í gegnum gjallarhorn, að stjórnendum og starfsfólki sjóðsins.


Þá kemur einnig fram í fyrrnefndri grein að krafa VR sé alveg skýr, að tryggja verði öryggi launafólks við vinnu sína.

Niðurlag

Með hliðsjón af öllu framangreindu óska stjórnendur lífeyrissjóðsins eftir að stéttarfélag starfsmanna sjóðsins grípi til viðeigandi aðgerða til að tryggja hagsmuni félagsmanna VR í samræmi við og með hliðsjón af 1. gr. siðareglna VR. Að mati stjórnenda sjóðsins hefur formaður félagsins brotið gróflega gegn hagsmunum félagsmanna VR sem starfa hjá lífeyrissjóðnum með þeirri hegðun, og hvatningu til hegðunar, sem formaður félagsins sýndi af sér fimmtudaginn 30. nóvember sl. og með áframhaldandi boðun og hvatningu til frekari mótmæla.



Árni Guðmundsson
framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs



Bjarney Sigurðardóttir
skrifstofustjóri Gildis-lífeyrissjóðs